



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Reykjavíkurborg  
Haraldur Sigurðsson,  
skipulagsfræðingur  
Skúlatúni 2  
105 Reykjavík

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 3. maí 2007  
Tilvísun: UST20070300239/bs

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Nýtt íbúðarsvæði í Reynisvatnsás, austan Grafarholts. Umsögn**

Vísað er til bréfs skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar dags. 23. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytt aðalskipulag í Úlfarsárdal.


Lagt er til að skilgreint verði íbúðasvæði norðan Reynisvatnsvegar, vestan Reynisvatnsáss á svæði sem er skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota.

Fyrirhugað íbúðasvæði er í sömu fjarlægð frá útvistar- og náttúruminjasvæðinu við Úlfarsá og íbúðasvæðin norðan árinnar.

Á fyrirhuguðu íbúðasvæði er hvorki að finna jarðmyndanir né vistkeri sem njóta skulu sérstakrar verndar skv 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en Úlfarsá ásamt 200m breiðum bakka beggja vegna árinnar er á náttúruminjaskrá, auk þess sem Úlfarsá nýtur hverfisverndar skv. gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur. Umhverfisstofnun vill þó benda á að hugsanlega rýrist verndar- og útvistargildi Úlfarsárdals ef þrengt er að báðum bökkum árinnar eins og gert er ráð fyrir með ofangreindri tillögu.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefansson



Helgi Jónasson  
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun